


19. desember 2022



Tillögur starfshóps um vottorð



Útgefandi:

Heilbrigðisráðuneytið

Tillögur starfshóps um vottorð

19. desember 2022

hrn@hrn.is

www.hrn.is

Umbrot og textavinnsla:

Heilbrigðisráðuneytið

©2022 Heilbrigðisráðuneytið

ISBN [Færa inn ISBN-númer]

Forsíðumynd: Séð yfir Djúpavík á Ströndum. Oddur Steinarsson 2022

Inngangur

Heilbrigðisráðherra skipaði starfshóp sem hafði það hlutverk að semja drög að reglugerð á grundvelli 19. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, sem myndi leggja til nánari reglur um útgáfu vottorða. Starfshópnum var jafnframt falið að gera tillögur að verklagi sem stuðli að skilvirkari vottorðagerð sem gæti m.a. falið í sér að aðrir heilbrigðisstarfsmenn en læknar gefi út vottorð.

Starfshópnum var gert í skipunarbréfi að skila drögum að reglugerð ásamt tillögum til ráðherra fyrir 1. nóvember 2022.

Skipan starfshóps

- Oddur Steinarsson, tilnefndur af Læknafélagi Íslands, formaður hópsins
- Björn Geir Leifsson, tilnefndur af embætti landlæknis
- Ingi Steinar Ingason, tilnefndur af embætti landlæknis, miðstöð rafrænna lausna
- Sigríður Dóra Magnúsdóttir, tilnefnd af Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Margrét Ólafía Tómasdóttir, tilnefnd af Félagi íslenskra heimilislækna
- Rut Gunnarsdóttir, tilnefnd af Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga
- Guðrún Björg Elíasdóttir, tilnefnd af Sjúkratryggingum Íslands

Guðlín Steinsdóttir, lögfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu, var starfsmaður hópsins.

Eftir fyrsta fund starfshópsins 27. júní 2022, taldi fulltrúi Sjúkratrygginga Íslands rétt að annar kæmi inn í stað Guðrúnar Bjargar Elíasdóttur, var Ólafur Ólafsson skipaður í starfshópinn, 28. júlí 2022. Einnig óskaði embætti landlæknis þess að Lilja Rún Sigurðardóttir fengi að vera í starfshópnum en hún var tilnefnd til vara af embættinu.

Starfshópurinn fundaði átta sinnum á fjar- og staðarfundum. Á fjórða fundi starfshópsins kom Anna Björnsdóttir taugalæknir á fundinn og reifaði sjónarmið sjálfstætt starfandi sérgreinalækna hvað varðar vottorðagerð. Á sjötta fundi starfshópsins komu fulltrúar Samtaka atvinnulífsins.

1. Vottorð

Í 19. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, er fjallað um vottorð, álitserðir, faglegar yfirlýsingar og skýrslur. Heilbrigðisstarfsmönnum ber að gæta varkárni, nákvæmni og óhlutdrægni við útgáfu vottorða, álitserða, faglegra yfirlýsinga og skýrslna og votta það eitt er þeir vita sönnur á og er nauðsynlegt í hverju tilviki. Mikil aukning hefur orðið á fjölda vottorðabæiðna og viðvika heilbrigðisstarfsfólks vegna vinnu við vottorð á undanförunum árum.

Á grundvelli þágildandi læknalaga, nr. 53/1988, voru settar reglur um gerð og útgáfu læknisvottorða, nr. 586/1991, sem enn eru í gildi. Þegar lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 voru sett féllu læknalögin úr gildi en ekki hefur verið sett reglugerð á grundvelli 19. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn sem kveður á um að heimilt sé að setja reglugerð um útgáfu vottorða, faglegra yfirlýsinga og skýrslna.

Á aðalfundi Félags íslenskra Heimilislækna, þann 17. október 2020, skoraði félagið á heilbrigðisráðherra að láta endurskoða tafarlaust fyrirkomulag vottorðamála hér á landi sem væru í ólestri og orðin mjög íþyngjandi í starfi heimilislækna. Ástæða þessa er að hinar ýmsu stofnanir, tryggingafélög, lífeyrissjóðir, lögfræðingar auk annarra aðila, krefjast vottorða í töluverðu mæli. Stærstur hluti heilbrigðiskerfisins er innan almannatrygginga og eðlilegt að settar séu skýrar reglur um hvað skuli votta þaðan og hvað ekki. Við skerum okkur úr í samanburði við nágrannalöndin varðandi þessi mál og of mikill tími margra lækna fer í að skrifa vottorð. Erindi félagsins til heilbrigðisráðherra er í **Fylgiskjali I**.

Í 2. mgr. 19. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn kemur fram að heilbrigðisstarfsmönnum sé skylt að láta hinu opinbera í té vottorð um sjúklinga er þeir annast sjálfir þegar slíkra vottorða er krafist vegna samskipta sjúklings við hið opinbera.

Skortur er á heimilislæknum og fleiri sérgreinalæknum, biðtími er oft nokkrar vikur eftir tímum og undanfarin ár hafa komur á Læknavaktina stöðugt aukist.

Ef tekið er mið af hinum Norðurlöndunum eru reglur varðandi vottorðamál mun skýrari. Í Svíþjóð geta tryggingafélög, lífeyrissjóðir og lögfræðingar ekki farið fram á vottorð eins og hér. Einnig geta atvinnuveitendur og skólar ekki farið fram á vottorð nema að veikindi standi yfir í meira en viku. Það er því mjög mikilvægt að mati starfshópsins að endurskoða og skerpa á því hvað læknum og öðrum sem starfa innan almannatryggingakerfisins beri að votta. Ef að þessum málum verður

komið í betri farveg mun það auka skilvirkni í kerfinu og meiri tími verður fyrir heilbrigðisstarfsfólk til að sinna sjúklingum með aðkallandi vanda.

1.1 Fjöldi vottorða

Á heilsugæslu, hjá heimilislækni, á sjúkrahúsum og sérfræðingum á stofu geta sjúklingar óskað eftir ýmis konar vottorðum. Um getur verið að ræða læknisvottorð á formi Tryggingastofnunar ríkisins vegna lífeyristrygginga eða bóta félagslegrar aðstoðar og á formi Sjúkratrygginga Íslands vegna sjúkratrygginga eða slysatrygginga, læknisvottorð vegna slysatrygginga, vottorð vegna beiðni um þjálfun, vegna öflunar hjálpartækja, vegna lengingar fæðingarorlofs, vegna hreyfihömlunar, vegna umsóknar um styrk og uppbót til kaupa á bifreið fyrir fatlað fólk, vegna heimahjúkrunar, vegna umsóknar um lyfjaskírteini, vegna meðferðar sjúklings erlendis, vegna sjúkradagpeninga eða skýrslu vegna ferðakostnaðar innanlands, dánarvottorð, starfshæfnisvottorð sem staðfestir heilsufar og fleira.

Það getur verið sérstaklega tímafrekt að gera vottorð til lögmanna og tryggingafélaga vegna sjúkdóma eða slysa eða til tryggingafélaga vegna líf- og sjúkdómatrygginga.

Samkvæmt gögnum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er mikill fjöldi vottorða gefin út um fjarvistir að kröfu atvinnurekenda vegna veikinda til skemmri tíma, eins vegna heilsufars nemenda til skóla.

Tölur frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Læknavaktinni eru í **Fylgiskjali II**.

2. Tillögur

Eftirfarandi hugmyndir að úrbótum voru ræddar í starfshópnum sem krefjast frekari útfærslu.

1. Meðfylgjandi eru drög starfshópsins að reglugerð um útgáfu vottorða, álitsgerða, faglegra yfirlýsinga og skýrslur heilbrigðisstarfsmanna, sbr. 3. mgr. 19. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012.

2. Lagt er til að ekki verði gefin út læknisvottorð til vinnuveitenda eða skóla fyrir veikindi sem krefjast ekki heilbrigðisþjónustu, þ.e. ekki gefin út læknisvottorð fyrir færri en sjö daga veikindi. Einnig er lagt til að skoðað verði að hækka gjaldið fyrir vottorð fyrir skemmri veikindi en viku til vinnuveitanda sé þeirra krafist. Nýtt eyðublað verði aðgengilegt fyrir skemmri veikindum en viku og hækka verð á þeim vottorðum. Slík gjaldskrárhækkun gæti létt nokkuð á fjölda viðtala sérstaklega á vöktum.

3. Lagt er til í drögum að reglugerð að tekið verði sérstaklega fram að heilbrigðisstarfsmönnum sé ekki skylt að verða við beiðni sjúklings eða þriðja aðila um útgáfu álitsgerðar. Er þar sérstaklega verið að huga að beiðnum frá lögmönnum og tryggingafélögum vegna sjúkdóma eða slysa og til tryggingafélaga vegna líf- og sjúkdómatrygginga. Mörg slík erindi geta vart talist til grunnheilbrigðisþjónustu. Sama á við um vottorð til lífeyrissjóða vegna skiptingar lífeyrisréttinda.

4. Lagt er til að Sjúkratryggingum Íslands verði falið að endurskoða, í samstarfi við hagsmunaaðila, sem fyrst kröfur varðandi ýmis læknis- og sérfræðivottorð, markmiðið þarf að vera að einfalda afgreiðslu mála þar sem kröfurnar um slík vottorð byggja á gömlum grunni sem þarft er að endurskoða.

Það má til dæmis benda Sjúkratryggingum Íslands á að skjólstæðingar gætu jafnvel sótt um ýmislegt beint til stofnunarinnar og skilað gögnum þangað rafrænt. Aðkoma lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna er oft í raun óþörf í ýmsum málum sem krefjast vottorða í dag.

5. Lagt er til að verklag og vinnureglur verði gerðar skýrar um að aðilar innan heilbrigðiskerfis séu ekki að krefjast vottorða eða greinargerða frá öðru heilbrigðisstarfsfólki nema að slíkt sé nauðsynlegt. Þarf að vera samráð og samvinna innan heilbrigðiskerfis þegar að vinna er færð yfir til annarra.

REGLUGERÐ

um útgáfu vottorða, álitserða, faglegra yfirlýsinga og skýrslur heilbrigðisstarfsmanna.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um vottorð, álitserðir, faglegar yfirlýsingar og skýrslur heilbrigðisstarfsmanna.

2. gr.

Í þessari reglugerð er merking efirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Heilbrigðisstarfsmaður*: Einstaklingur sem starfar við heilbrigðisþjónustu og hefur hlotið leyfi landlæknis til að nota starfsheiti löggilttrar heilbrigðisstéttar.
2. *Vottorð*: Lýsing heilbrigðisstarfsmanns á samskiptum sínum og sjúklings sem hann hefur sjálfur veitt heilbrigðisþjónustu og byggir á því sem hann veit sönnur á og fram kemur í sjúkraskrá sjúklingsins. Vottorð eru gerð fyrir beiðni sjúklings eða opinberra aðila.
3. *Álitserð*: Faglegt álit heilbrigðisstarfsmanns á heilbrigðistengdum málefnum einstaklings, að beiðni hans eða þriðja aðila, sem byggir á staðfestum gögnum og þarf ekki að tengjast veittri heilbrigðisþjónustu af hendi viðkomandi heilbrigðisstarfsmanns.
4. *Faglegar yfirlýsingar*: Opinber yfirlýsing heilbrigðisstarfsmanns um heilbrigðisþjónustu og önnur heilbrigðismál sem eru gefnar út að frumkvæði og á ábyrgð einstakra heilbrigðisstarfsmanna.
5. *Skýrslur heilbrigðisstarfsmanna*: Skýrslur um heilbrigðisþjónustu eða önnur heilbrigðismál sem ekki tengjast tilteknum einstaklingi eða sjúklingi og eru á faglegru ábyrgð heilbrigðisstarfsmanna hvort sem þær eru gefnar út að eigin frumkvæði eða fyrir beiðni annarra.

3. gr.

Heilbrigðisstarfsmönnum ber að gæta varkárni, nákvæmni og óhlutdrægni við útgáfu vottorða, álitserða, faglegra yfirlýsinga og skýrslna og votta það eitt er þeir vita sönnur á, gæta staðfest í samræmi við vísindi og staðfesta reynslu og talist getur nauðsynlegt í hverju tilviki.

Heilbrigðisstarfsmaður skal við útgáfu vottorða, álitserða, faglegra yfirlýsinga og skýrslna virða faglegar takmarkanir sínar og gefa aðeins út það eitt sem hann hefur viðurkenna þekkingu og hæfni til að tjá sig um. Að öðrum kosti ber heilbrigðisstarfsmanni að leiðbeina hvert megi leita til þess berra heilbrigðisstarfsmanna að taka verkð að sér.

Heilbrigðisstarfsmenn skulu við ritun hafa í huga tilgang vottorða, álitserða, faglegra yfirlýsinga og skýrslna, orðalag skal vera ljóst og ekki til þess fallið að valda mistúlkun.

Heilbrigðisstarfsmanni ber að gæta þess að nota ekki í útgáfu annað mál en íslensku nema hann hafi það gott vald á erlendu tungumáli að hann geti ábyrgt rétt innihald textans.

4. gr.

Heilbrigðisstarfsmaður skal ekki staðhæfa annað í vottorði en það sem hann hefur sjálfur sannreynt. Geta skal nákvæmlega þeirra heimilda sem vottorð eða álitserð kann að styðjast við. Greina skal glögglega á milli frásagnar annarra, eigin athugunar heilbrigðisstarfsmanns og álita hans. Forðast skal staðhæfingar um óöröna framvindu um ástand sjúklings.

Heilbrigðisstarfsmanni ber sérstaklega að gæta þess að óviðkomandi aðilum séu ekki látin í té vottorð eða álitserð nema fyrir liggji samþykki sjúklings, forráðamanna, annars umboðsmanns hans eða lög kveði á um að slík afhending sé heimil.

Heilbrigðisstarfsmenn skulu hafa í huga að vottorð og álitserð getur orðið gagn sem getur haft afgerandi þýðingu varðandi úrskurð opinberra aðila og í dómsmálum. Í dómsmálum getur þess verið krafist að heilbrigðisstarfsmaður staðfesti vottorð eða álitserð fyrir dómi.

5. gr.

Heilbrigðisstarfsmönnum er skylt að láta hinu opinbera í té vottorð um sjúklinga er þeir annast þegar slíkra vottorða er krafist vegna samskipta sjúklings við hið opinbera.

Heilbrigðisstarfsmönnum er skylt að verða við beiðni um vottorð, er varðar heilbrigðisþjónustu sem hann hefur veitt sjúklingi, án ónauðsynlegra tafa.

Heilbrigðisstarfsmönnum er ekki skylt að verða við beiðni sjúklings eða þriðja aðila um útgáfu álitserðar, sbr. 3.tl. 2. gr.

6. gr.

Um gjöld fyrir vottorð og álitserðir í heilsugæslu og á sjúkrahúsum gilda reglugerðir sem heilbrigðisráðherra setur um greiðsluþáttöku sjúkratryggðra í kostnaði fyrir heilbrigðisþjónustu og um þá sem ekki eru sjúkratryggðir á Íslandi.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild samkvæmt 3. mgr. 19. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, óðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um gerð og útgáfu læknisvottorða, nr. 586/1991.

Fylgiskjal I

Aðalfundur Félags Íslenskra Heimilislækna, haldinn í Kópavogi og fjarfundur þann 17.10.2020, skorar á heilbrigðisráðherra að láta endurskoða tafarlaust fyrirkomulag vottorðamála hér á landi sem eru í ólestri og orðin mjög íþyngjandi í starfi heimilislækna.

Greinagerð

Ástæða þessa er að hér á landi eru hinar ýmsu stofnanir, tryggingafélög, lífeyrissjóðir, lögfræðingar og fleiri aðilar, stöðugt að fara fram á hin ýmsu vottorð. Stærstur hluti heilbrigðiskerfisins er innan almannatrygginga og eðlilegt að settar séu skýrar reglur um hvað skuli votta þaðan og hvað ekki. Við skerum okkur úr í samanburði við nágrannalöndin varðandi þessi mál og allt of mikill tími margra lækna hér á landi fer í að gera vottorð. Í stað þess að taka á þessum málum gefur ráðuneytið út gjaldskrá án samráðs við Læknafélagið sem er jafnframt úr takti við aðrar gjaldskrár annarra vottunaraðila, svo sem lögfræðinga og verkfræðinga. Nær væri að taka frekar á þessum málum af festu.

Hér á landi virðast utanaðkomandi aðilar geta farið fram á ýmislegt. Nýlegt dæmi er að tryggingafélag sendi skjólstæðinga með bréf frá félaginu um að framkvæma ýtarlega skoðun, taka EKG og þvagprufu. Með bréfinu fylgir 4 síðna spurningalisti frá félaginu sem læknir á að fylla í. Skjólstæðingar hafa verið að bóka sjálfir tíma á heilsugæslum og mæta með þessi gögn. Um er að ræða skoðun og rannsóknir sem tryggingafélagið á í raun sjálft að sjá um, ekki að senda á heilsugæslu í tíma hjá lækni án nokkurs samkomulags um slíkt. Sú þjónusta er greidd af almannatryggingakerfinu og fellur þessi vinna ekki undir það. Tryggingafélög virðast ganga lengra og lengra í þessum efnum. Þetta jafnframt hluti af stærra vandamáli hér á landi varðandi vottorð til atvinnurekanda, tryggingafélaga, skóla og lögfræðinga. Skortur er á heimilislæknum og fleiri sérgreinilæknum, biðtími er oft nokkrar vikur eftir tímum og undanfarin ár hafa komur á Læknavaktina stöðugt aukist. Til dæmis í Svíþjóð viðgengst þetta ekki. Þar geta tryggingafélög og lögfræðingar ekki farið fram á vottorð. Heimild var til að senda aðilum afrit af sjúkraskrá að uppfylltum skilyrðum. Þar er atvinnuveitendum og skólum jafnframt ekki heimilt að fara fram á vottorð nema að veikindi stæðu yfir í meira en viku. Sem dæmi héðan þá er Háskóli Íslands er endurtekið að vísa nemendum á heilsugæslur til að fá vottorð. Gengið er svo langt að verið er að fara fram á vottorð frá HÍ þar sem til dæmis nemendur eiga að fara í 2 próf sama dag og skrifstofa skólans vísar á heilsugæsluna að fá veikindavottorð þó ekki séu veikindi að baki.

Annað dæmi frá HÍ er eftirfarandi sem barst lækni í pósti síðastliðinn vetur:

„ Mig vantar læknisvottorð, heimilislæknirinn minn er *****. Ég er nemi í HÍ og sökum slæms veðurs í vikunni var próf fellt niður og fært á þann 17. Desember,

en þá verð ég erlendis. mér var bent á af HÍ að fá vottorð svo ég gæti mætt í sjúkrapróf fyrir þau próf sem ég missti af.”

Heilsugæslan hefur nóg annað að gera!

Hér á landi eykst þessi vottorðagerð stöðugt og að undarlegt að ráðuneytið sé með gjaldskrá fyrir vottorðin sem er jafnframt langt undir sambærilegu til dæmis fyrir lögfræðinga, í stað þess að lagfæra þessi mál.

Ef að á þessu væri tekið hér myndi það léttu á vinnu meðal annars í heilsugæslu hér á landi sem og á vöktum, þannig að meiri tími gæfist til að sinna læknisverkum.

Félag íslenskra heimilislækna er reiðubúið til samstarfs um lausnir á vandanum.

Fylgiskjal II

Vottorð gefin út á heilsugæslum HH					
TEGUND VOTTORÐS	2018	2019	2020	2021	HEILD
V-vinna fjarvistir	29552	33703	32418	38992	134665
TR-V beiðni um sjúkráþjálfun	24543	25899	26610	31782	108834
V-almennt	12460	14278	16875	20074	63687
V-ökuleyfi	8071	9395	11019	12384	40869
TR-V lyfjaskírteini	4260	5538	7874	9745	27417
V-skóli fjarvistir	9347	7976	3201	3105	23629
TR-V sjúkradagpeningar	5072	5571	5564	5199	21406
TR-V umsókn um hjálpartæki	3531	3978	4385	5469	17363
V- fæðing barns væntanleg	2993	3311	3443	3525	13272
TR-V umsókn um örorkubætur	2579	2724	3243	3163	11709
TR Endurhæfingavottorð	217	2107	2735	3059	8118
VIRK Beiðni um þjónustu	2	2052	2060	2180	6294
V-umsk örorkulífeyri	1334	1329	1465	1599	5727
TR-V beiðni um talþjálfun	993	1037	958	898	3886
TR-V læknisvottorð vegna umsóknar um stæðiskort	634	826	713	998	3171
TR-V læknisvottorð um hreyfihömlun	737	707	677	619	2740
TR-V endurhæfing	1391	61	1		1453
TR-V lenging fæðingarorlofs móður	345	362	302	289	1298
TR-V áverkavottorð	283	347	308	283	1221
V-læknisvottorð vegna ferðatrygginga (SFF)	325	352	314	130	1121
V-fyrir sjómenn	235	233	288	235	991
V-leikfimi undanþága	212	259	186	292	949
TR-V beiðni um iðjubjálfun	227	213	195	241	876
Sí Umsókn um næringu		196	219	246	661
TR-V umönnunarbætur	203	117	153	151	624
TR-V grunnvottorð til umsóknar um hjálpartæki	97	106	127	92	422
TR-V ferðakostnaður sjúklinga innanlands	53	135	110	96	394
TR Umönnunavottorð		72	127	132	331
TR-V beiðni um greiningu vegna talmeina	71	51	54	64	240
TR Hreyfihömlunavottorð				232	232
TR-V læknisvottorð um skerta líkamsfærni	50	59	43	76	228
TR-V næringarefni/séræði	215	8			223
V-áverka váttrygginga	38	49	34	26	147
TR-V slys framhald	50	19	15	9	93
V-beiðni um sjúkráhusvist	26	14	23	30	93
TR-V fæðingarorlof v/ námsrángurs/ástundunar náms	22	30	18	14	84
TR-V lenging fæðingarorlofs vegna sjúkdóms barns	10	10	8	21	49
V-barnsfæðing	4	13	12	7	36
Beiðni um talþjálfun án samnings við TR	14	5	9	6	34
Vottorð um undanþágu vegna grímuskyldu			11	9	20
TR-V beiðni um heimahjúkrun	15				15
TR-V greinargerð vegna tryggingaratburðar	3	4	4	2	13
TR-V Beiðni um viðbótar/langtímaeðf. í talþjálfun	4	3	2	1	10
V-umsókn og greinargerð, ófrjósemisaðgerð	4	3	1	1	9
V-heima/innskrift	8				8
TR-V grunnvottorð læknis vegna krabbameins		1	1	2	4
TR-V ferðakostnaður staðfesting á komu				2	2
TR-V grunnvottorð læknis vegna nýrnabilunar			1		1
TR-V læknisvottorð vegna örorkumats	1				1
Grand Total	110231	123153	125806	145480	504670

Læknavaktin

Tegund	2020	2021	Jan-okt 2022
V-vinna fjarvistir	3.361	3.913	4.052
TR-V beiðni um sjúkraþjálfun	418	555	639
V-almennt	609	3.679	513
V-ökuleyfi	304	461	444
V-skóli fjarvistir	218	234	172
TR-V sjúkradagpeningar		20	56
TR-V áverkavottorð	11	21	21
V-læknisvottorð vegna ferðatrygginga (SFF)		1	12
TR-V hjálpartæki		4	8
TR-V lyfjaskírteini	4	6	7
TR-V beiðni um talþjálfun	4	3	5
TR-V endurhæfing			3
V-vottorðavottorð			3
TR-V beiðni um greiningu vegna talmeina			1
TR-V beiðni um heimahjúkrun		1	1
TR-V ferðakostnaður staðfesting á komu			1
TR-V læknismeðferð erlendis			1
TR-V læknisvottorð vegna umsóknar um stæðiskort			1
V-fyrir sjómenn	6	5	1
Samtals	4.935	8.903	5.941

